

SAMSTARF VIÐ ÍSÍ

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að óska eftir auknu samstarfi við ÍSÍ á sviði fræðslu, almenningsþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála. Markmið samstarfsins er að vinna áfram að þessum málaflokkum og áherslum þvert á bæði samtök þar sem báðir aðilar leggja til mannauð og fjármagn.

Verkefni og verksvið verði skilgreind í samstarfssamningi á milli aðila. Með því móti verði unnið að því að bæta umgjörð íþróttastarfsins með markvissri nýtingu fjármagns og mannauðs, til betri árangurs. Með þessari nálgun eru samtökin jafnframt að bregðast við áskorunum bæði frá íþróttahreyfingunni sjálfri og frá stjórnvöldum.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í framhaldi af samtölum og vaxandi samstarfi milli ÍSÍ og UMFÍ á undanförunum árum. Samstarfið hefur þegar sýnt að með sameiginlegri nálgun má ná meiri slagkrafti í málaflokkum sem varða bæði íþróttahreyfinguna og samfélagið allt.

Tillagan var unnin í sameiningu af ÍSÍ og UMFÍ og er þegar samþykkt á þingi ÍSÍ í vor. Með henni er lögð áhersla á að byggja ofan á þann grunn sem þegar hefur verið myndaður.

Í samningi ÍSÍ og UMFÍ við Mennta- og barnamálaráðuneytið er jafnframt kveðið á um að samtökin komi með sameiginlegar tillögur að aðgerðum sem styðja við þróun íþróttastarfs. Með því að efla samstarf á sviði fræðslu, almenningsþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála er stigið mikilvægt skref í átt að því að tryggja að fjármagn og mannauður nýtist sem best, efla faglegt starf innan hreyfingarinnar og skapa skýrari ramma um verkaskiptingu.

Vísað til: